

Mál nr. 5/2012
Keflavík
gegn
Breiðablik

Kæra frá Keflavík

Dómskröfur:

Knattspyrnudeild Keflavíkur fer fram á að vera dæmdur 0-3 sigur í 3. Flokki karla, B lið, A riðill, í leik á móti Breiðablik sem fór fram fimmtudaginn 16. ágúst á Versalavelli klukkan 19:15 og endaði 2-1.

Málavextir:

Í leik Breiðablik og Keflavíkur, B liða þann 16. ágúst síðastliðinn byrjaði leikmaður 16, Arnór Brynjarsson, og lék allan leikinn. Hann hafði þó fengið brottvísun með A liði Breiðabliks í umferðinni á undan og hefði því átt að vera í leikbanni í umræddum leik. Fyrirliði Keflavíkur, Eiður Snær Unnarsson, gerir athugasemd við dómara leiksins fyrir leik, sem fer þá og ræðir við þjálfara Breiðabliks, Tryggva Björnsson, sem heldur því fram að þetta sé löglegt og megi og því hefst leikurinn með leikmanninum inná velli.

Tilvísun í reglugerð

Grein 13.5 í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál, en hún er svohljóðandi:

„Þegar félag sendir fleiri en eitt lið til keppni í sama mótið skal leikmaður taka út refsingu sína með öllum liðum félagsins í mótum í sama aldursflokki sbr. þó 13.4.“

Röksemd:

Þar sem umræddur leikmaður, Arnór Brynjarsson, hefur byrjað inn á í 7 af 11 leikum A liðs Breiðabliks og hafði, fram að þessum leik, ekki spilað einn leik með B liði félagsins í þessu móti, að þá er þetta mjög mikill liðsstyrkur fyrir B lið Breiðabliks. Samkvæmt reglugerð KSÍ að þá á leikmaður að taka út sitt leikbann með öllum liðum félagsins í mótu í sama aldursflokki. Því sjáum við ekkert annað út úr reglugerð KSÍ um aga- og

úrskurðarmál annað en að þessi leikmaður hefði átt að taka út leikbann í þessum umrædda leik, en spilaði þrátt fyrir það leikinn allan.

Sönnunargögn:

Meðfylgjandi er skjáskot af innri vef KSÍ með leikskýrslunni úr umræddum leik þar sem Breiðablik er ekki ennþá búnir að fylla inn og birta leikskýrsluna úr umræddum leik

Meðfylgjandi er líka skjáskot af leikjum Breiðabliks á tímabilinu frá brottvísun Arnórs Brynjarssonar og fram að þessum leik Breiðablik og Keflavíkur.

Meðfylgjandi er líka skýrslan úr leik KR og Breiðabliks í A liðum, A riðli frá 13. ágúst 2012

Vitni:

Nafn: Jóhann Gunnarsson

Kennitala: 101158-5869

Heimilisfang: Háteigur 11 - 230 Keflavík

Nafn: Óskar Rúnarsson

Kennitala: 210190-2799

Heimilisfang: Hátún 39 - 230 Keflavík

Nafn: Haukur Benediktsson

Kennitala: 110669-3729

Heimilisfang: Mávabraut 8b – 230 Keflavík

Virðingsfyllst

F.h. Knattspyrnudeildar Keflavíkur

Smári Helgason

Greinargerð frá Breiðablik

Þann 20.08.2012 barst Knattspyrnudeild Breiðabliks kæra ásamt fylgigögnum frá Knattspyrnudeild Keflavíkur.

Breiðablik fer fram á það að úrslit leiksins í 3. flokki karla B-lið A-riðill, Breiðablik- Keflavík, standi óbreytt en leiknum lauk með sigri Breiðabliks 2-1.

Málinu til stuðnings er vitnað í reglugerð nr. 13.4 hjá KSÍ um aga- og úrskurðarmál en hún er svohljóðandi:

13.4. Þegar leikmaður hefur heimild til að leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út viðurlög í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til þeirra, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega. Í þessu sambandi greinist 1. aldursflokkur í meistaraflokk, U23 og 1. flokk og aðrir aldursflokkar í a og b lið og skal fjalla um brot sérstaklega í hverju keppnisliði fyrir sig.

Einnig er vitnað í reglugerð nr. 26.1.6 málinu til stuðnings en þar segir:

26.1.6. Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 3. aldursflokks B liða er ber nafnið 3. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 3. flokki B hefur engin áhrif á 3. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.

Skv. ofangreindum reglugerðum eru A og B liðs keppnir aðskildar í 3. flokki og leikbönn í A liði hafa ekki áhrif á hlutgengi leikmanna í B liði.

Þar að auki má bend á það að umræddur leikmaður, Arnór Brynjarsson, tók ekki þátt í neinum kappleik á vegum Breiðabliks frá því að hann var rekinn af leikvelli 13.08. Þantað til hann var búinn að taka út leikbannið í A liðs leiknum við Keflavík.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Hafstein, formaður Unglingaráðs Breiðabliks.

Úrskurður frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2012, föstudaginn 7. sept., er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Sigurði I. Halldórssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2012

Knattspyrnudeild Keflavíkur
gegn
Knattspyrnudeild Breiðablik

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Keflavíkur
Fyrirsvarsmaður: Smári Helgason

Kærði:

Knattspyrnudeild Breiðabliks
Fyrirsvarsmaður: Tryggvi Hafstein

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 20. ágúst s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi dags. sama dag og barst greinargerð kærða nefndinni þann 24. ágúst s.l.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiks Breiðabliks og Keflavíkur í 3. fl. karla B liða sem fram fór þann 16. ágúst 2012 verði dæmd ógild og Keflavík dæmdur sigur 0-3.

Kærði krefst þess að úrslit leiksins standi óbreytt.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að í leik Breiðabliks og Keflavíkur í 3. fl. karla B þann 16. ágúst s.l. hafi leikmaður nr. 16, Arnór Brynjarsson leikið allan leikinn en hann hafi þó

fengið brottvísun með A liði Breiðabliks í umferðinni á undan og hefði því átt að vera í leikbanni í umræddum leik. Fyrirliði Keflavíkur hafi gert athugasemdir við dómara leiksins fyrir leik sem hafi rætt við þjálfara Breiðabliks sem hafi sagt þetta löglegt og því hafi leikurinn hafist með leikmanninn inni á vellinum.

Kærandi vísar í grein 13.5 í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál þar sem segir að þegar félag sendi fleiri en eitt lið til keppni í sama mótið skuli leikmaður taka út refslingu sína með öllum liðum í mótum í sama aldursflokki sbr. þó 13.4. Þar sem umræddur leikmaður Arnór Brynjarsson hafi byrjað inn á í 7 af 11 leikjum A liðs Breiðabliks og hafi fram að þessum leik ekki spilað einn leik með B liði félagsins í þessu móti þá hafi þetta verið mjög mikill liðsstyrkur fyrir B lið Breiðabliks.

Kærði fer fram á að úrslit leiksins standi óbreytt og vitnar máli sínu til stuðnings í grein 13.4 í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál en þar kemur fram að hafi leikmaður heimild til að leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili skuli hann taka út viðurlög í þeim aldursflokki þar sem hann hafi unnið til þeirra og aldursflokkar greindir í a og b lið.

Kærði vísar einnig til gr. 26.1.6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en þar kemur fram að einnig skuli vera sjálfstæð keppni meðal 3. aldursflokks B liða. Því séu keppnir A og B liða í 3. flokki aðskildar keppnir og leikbönn í A liði hafi ekki áhrif á hlutgengi leikmanna í B liði.

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu er óumdeilt að leikmaðurinn Arnór Brynjarsson lék ofangreindan leik Breiðabliks og Keflavíkur í 3. fl. karla B og jafnframt er óumdeilt að leikmaðurinn var í leikbanni eftir brottvísun með A liði Breiðabliks í umferðinni á undan.

Samkvæmt gr. 13.5 í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarnefnd skal leikmaður taka út refsingu sína með öllum liðum félagsins í mótum í sama aldursflokki þegar félag sendir fleiri en eitt lið til keppni sbr. þó gr. 13.4 en þar er gerð sú undantekning frá þessari reglu að þegar leikmaður hefur heimild til að leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum skuli hann taka út viðurlög í þeim aldursflokki þar sem hann hefur unnið til þeirra. Í þessu sambandi er sérstaklega tekið fram að yngri aldursflokkar greinist í a og b lið og fjalla skuli sérstaklega um brot í hverju keppnislíði fyrir sig.

Úrslit leiks Breiðabliks og Keflavíkur í 3. flokki karla B liða sem fram fór þann 16. ágúst 2012 standa samkvæmt ofangreindu óhöggðu.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Breiðabliks og Keflavíkur í 3. flokki karla B liða sem fram fór þann 16 ágúst 2012 skulu standa óhöggðu.

Helgi R. Magnússon

Gunnar Guðmundsson

Sigurður I. Halldórsson

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Áryjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.